

Alþingi  
Erindi nr. P 126/968  
komudagur 19.1.2001

Bygðasafn Húsvetninga og  
Strandamanna

Reykir Hrótafirði  
17. janúar árið 2001

Sent til: Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)  
Varðandi: Frumvarp til safnalaga og frumvarp til þjóðminjalaga.

Það eru fá en mikilvæg atriði sem ég vil benda á til lagfæringar í áðurnefndum frumvörpum til laga.

- Varað er við þeirri samsetningu safnaráðs sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til safnalaga (2. gr.). Fleiri fagaðilar ættu að eiga fast sæti í safnaráði. Safnaráði er ætlað mikilvægt hlutverk. Það á að hafa yfirsýn yfir safnastarfsemi í landinu og vinna að stefnumótun og gerð langtímaáætlana. Því er mikilvægt að fagaðilar komi með beinni hætti að safnaráði en gert er ráð fyrir í frumvarpi að safnalögum. Einnig þarf að skilgreina nánar vinnu safnaráðs og hvernig því er ætlað að sinna hlutverki sínu sem best. Hér er lagt til að minjaverðir komi með beinum hætti að starfi safnaráðs.

- Höfuðforsenda fyrir uppbyggingu safna í landinu er að rekstur þeirra sé tryggður til framtíðar en ekki frá ári til árs án þess að hafa sýn til lengri tíma. Samkvæmt frumvarpi til safnalaga á safnaráð að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlanir um starfsemi lista og minjasafna. Safnaráð á einnig að úthluta úr safnasjóð. Það gengur ekki upp að safnasjóður hafi breytilegar tekjur frá ári til árs. Hann verður í það minnsta að hafa lágmarkstekjur svo setja megi fram metnaðarfulla stefnu og langtímaáætlanir. Í þessu sambandi er algjörlega óásættanlegt að kippt sé burt rekstragrundvelli margra byggðasafnanna með því að tekið er burt úr frumvarpi til safnalaga er segir í 13. grein Þjóðminjalaga frá 1989: „Laun forstöðumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaráði, skulu greidd að hálfu úr ríkissjóði.“ Þetta verður að laga í nýjum lögum.

- Í elleftu grein Frumvarps til þjóðminjalaga er eftirfarandi: „Þjóðminjavörður lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar ...“  
Og síðan segir einnig: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem fyrir skipulagsvinnu stendur bera straum af kostnaði við skráninguna.“

Það er algjörlega óásættanlegt að þetta verði haft svona loðið og óljóst í nýjum lögum. Hvor á að skrá fornleifar? Embætti þjóðminjavarðar eða sveitarfélögin sem vinna að skipulagsmálum? Eins og þetta er núna, og frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum, vísar hver á annan og hvorki þjóðminjasafn né sveitarfélög láta vinna faglega

fornleifaskráningu við skipulagsvinnu. Það gengur ekki upp að vinna eigi sama verkið bæði á Þjóðminjasafni og af sveitarfélögum.

Ef þetta er verkefni sem á að vera á höndum Embættis þjóðminjavarðar en ætlast er til að sveitarfélögin borgi fyrir vinnu við fornleifaskráningu á hverju svæði. Þá verður að setja það fram með skýrum hætti og semja við Samband sveitarfélaga um kostnaðinn.

Lagt er til að í lögum verði bætt klausu um að Embætti þjóðminjavarðar setji verklagsreglur um fornleifaskráningu í tengslum við skipulagsvinnu. Og að eintak af niðurstöðuskýrslum slíkra skráninga verði skilað til Þjóðminjasafns. Í kjölfarið þarf ríkið síðan að semja við Samband sveitarfélaga um kostnaðinn af þessu verki, sem er allmikill, og verið er að færa yfir á sveitarfélögin.

Því miður er mjög margt fleira sem hefði þurft að færa til betri vegar í nýjum lagafrumvörpum. Þetta eru þau atriði sem snerta byggðasöfnin með beinum hætti og brýnt er að bætt verði úr. Með von um ný, betri og skilvirkari lög og bætt starfsumhverfi fyrir söfnin í landinu.



Pétur Jónsson,

forstöðumaður Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.